



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. (Þingskjal 88 — 74. mál.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja tillögunu og telja mikilvægt að réttur barns til að vita um uppruna sinn sé skýrður í lögum eins og Barnasáttmálinn segir að ríki þurfi að gera, sbr. eftirfarandi:

7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og **eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína** og njóta umönnunar þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðasamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að **viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling**, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og **fjölskyldutengslum** eins og **viðurkennt er með lögum**, án ólögmeðtra afskipta.
2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

Börn eru hópur sem nýtur sinna eigin sjálfstæðu mannréttinda og hafa skal í huga að við hverja ákvörðun um líf þeirra þarf að hafa það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi. Jafnframt eru réttur til upplýsinga sem og réttur til að tjá skoðun sína í öllum málum sem börn varða mjög mikilvæg réttindi Barnasáttmálans, sem raungerast ekki af sjálfu sér heldur þarf að tryggja þau með lögum og sérstökum aðgerðum, svo sem fræðslu, kynningu og hvatningu til samfélagsins um að virða þau réttindi barna.

Mikilvægt er við skoðun þessa máls að fræðimenn og hagsmunafélög, þ.m.t. hagsmunafélög barna, verði höfð með í ráðum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna gegn allri mismunun barna. Í mörgum tilfellum virðist þörf barna til að vita um uppruna sinn vera brýn og ef vilji barns er sá að komast að uppruna sínum er mikilvægt að taka mið af þeim vilja og gera allt til að aðstoða barnið við það.

Velferðarnefnd Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Skjal: F1803001  
Hafnarfjörður, 16. mars 2018

## Umsögn

### Réttur barna til að vita um uppruna sinn 74. mál, þingsályktunartillaga, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldraafnrétti hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu þess efnis að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggir að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn og að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2019.

Félagið styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð.

Vert er að benda á [umsögn Umboðsmanns barna](#) dagsett 27. September 1995 um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, mál 154, 120 löggjafarþing, þar sem umboðsmaður leggur til að réttur barns, sem getið er með gjafakynfrumu, til að vita uppruna sinn, verði virtur og lögfestur. Eftirfarandi er beint úr umsögn Umboðsmanns barna:

*Í 1. mgr. 7. gr. samningsins er að finna svofellt ákvæði: “Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína (leturbr. mín) og njóta umönnunar þeirra.”*

*Við túlkun á þessu ákvæði samningsins er ástæða til að nefna sérstaklega að í skýrslu frá 6. fundi barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sbr. 43. gr. samningsins um réttindi barnsins, var gerð athugasemd við þá stefnu norskra stjórnvalda að nafnleynd skuli ríkja þar í landi um sæðisgjafa. Í skýrslunni er vísað til 7. gr. samningsins um að barn skuli “eftir því sem unnt er” eiga rétt á að vita hverjir eru foreldrar þess. Í nefndri skýrslu, segir orðrétt: “Concerning the right of a child to know his or her origins, the Committee notes the possible contradiction between this provision of the Convention with the policy of the State party in relation to artificial insemination, namely in keeping the identity of sperm donors secret.”*

Í ágætri [grein eftir Gylfa Ásmundsson sálfræðing](#) er fjallað um mikilvægi þess fyrir sjálfsmynd hvers einstaklings að þekkja uppruna sinn. Þar segir meðal annars:

*Einn mikilvægasti þátturinn í andlegri heilbrigði hvers einstaklings er fólgin í því hvernig hann skilgreinir sjálfan sig sem persónu, hver hann er, hvað hann er og hvernig hann greinir sig frá öðrum og upplifir sig sem sjálfstæðan einstakling. ... Enn einn veigamikill þáttur í sjálfsmynd okkar er uppruni okkar og rætur. Við fáum í vöggugjöf marga eiginleika foreldra okkar og forfeðra lengra aftur. Við líkjumst þeim svo og svo mikið í útliti, fasi og skapgerð, þótt umhverfið eigi eftir að móta þessa eiginleika að verulegu leyti og skapa þannig nýjan*

*og sjálfstæðan einstakling. Flestir hafa þörf fyrir að þekkja uppruna sinn til þess að skerpa vitund sína um það hverjir þeir eru.*

Marmið Félags um foreldrajafrétti er að berjast fyrir réttindum barns til foreldra sinna og þar af leiðandi uppruna. Öll stefnumál félagsins eiga sér stoð í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur hefur verið á Íslandi. Barn skal eftir því sem unnt er eiga rétt til að þekkja foreldra sína samkvæmt 1. mgr. 7. gr. samningsins og aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling.

Fulltrúar Félags um foreldrajafrétti eru ávallt reiðubúnir að mæta á fund með nefndarmönnum til nánari skýringa og umræðu.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. febrúar 2018.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn, þskj. 88, 74. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn.

MRSÍ styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið er vísað er til í texta hennar, og koma fram í bókinni *Siðfræði lífs og dauða* eftir Vilhjálm Árnason, að ekki megi yta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“.

MRSÍ tekur og undir með flugningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þess að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áréttuð er vísan í tillögunni til laga nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttind barnsins, einkum 3. gr., 6. gr. og 12. gr.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. mars 2018

Tilvísun: 2018020390HP/--

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn**

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 23. febrúar 2018 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn (74. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þskj. 148).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2019.

Persónuvernd bendir á nauðsyn þess að gætt sé að ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir. Yrði vinnslan því m.a. að samrýmast grunnreglum um sanngirni og meðalhóf, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna. Að því marki sem í lagafrumvarpi á grundvelli þingsályktunartillögunnar yrði að finna ákvæði, sem varða myndu vinnslu persónuupplýsinga, myndi stofnunin veita efnislega umsögn um þau. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

F.h. Persónuverndar,

  
Þórður Sveinsson

  
Hildur Þórarinsdóttir



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 16. mars 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 74. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna styður þingsályktunartillöguna og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni um mikilvægi þess að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf hafi kost á að fá upplýsingar um uppruna sinn ef þau sækjast eftir því.

Í 7. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, kemur fram að barn eigi eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Einnig kemur fram í 8. gr. Barnasáttmálans að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, en það á einnig við um líffræðileg einkenni. Í því felst m.a. auðkenni sem fela í sér læknisfræði- og erfðafræðilegar upplýsingar um einstaklinga og ættingja, blóðtengsl og fleira. Mikil framþróun hefur orðið á sviði mannréttinda á undanförunum árum og verður að hafa í huga að túlkun þeirra réttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum eru í stöðugri þróun. Þær leiðir sem nú eru tækar til að eignast barn hafa sömuleiðis orðið fjölbreyttari og á undanförunum árum hefur tæknin verið notuð í auknum mæli í þeim tilgangi.

Þegar frumvarp til laga um tæknifrjóvgun var lagt fram árið 1996 gerði embætti umboðsmanns barna athugasemd við 4. gr. laganna og taldi það ekki þjóna hagsmunum barna að kynfrumugjafi gæti óskað eftir nafnleynd. Lagt var til að ákvæðið yrði fellt á brott og réttur barns, sem getið er með gjafakynfrumu, til að vita uppruna sinn, yrði virtur og lögfestur. Afstaða embættisins hefur því ávallt verið skýr hvað varðar rétt barna til upplýsinga um líffræðilegan uppruna sinn.

Umboðsmaður barna ítrekar að hafa ber bestu hagsmuni barnsins að leiðarljósi þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Í samræmi við framangreint telur umboðsmaður að réttur barna til að eiga þess kost að nálgast upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn vegi mun þyngra en réttur kynfrumugjafa til nafnleyndar.

Virðingarfyllst,  
Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.03.2018

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, þingskjal 88, 74. mál.**

ÖBÍ styður tillöguna og tekur undir þau siðfræðilegu sjónarmið sem koma fram í tillögunni, aldrei má horfa framhjá því að barn er með sjálfstæð réttindi og hagsmuni.

ÖBÍ leggur áherslu á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé hafður til hliðsjónar við vinnslu frumvarpsins og vísar í 3. grein sáttmálans.

ÖBÍ tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að mikilvægt sé að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Nauðsynlegt sé að uppfæra íslenska löggjöf til að tryggja að enginn vafi leiki á um að íslensk lög samræmist ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,

  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
Formaður ÖBÍ